



Reykjavík, 2. mars 2020

## Niðurstöður athugana á stafrænni tækniþróun – rafrænt greiðslumat

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hóf í september 2019 vettvangsathugun til að kanna þróun og rekstur rafræns greiðslumats hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf. Í tilviki Íslandsbanka hf. var varan Lán í appi, sem felur í sér sjálfvirka ákvarðanatöku um veitingu láns, einnig tekin til skoðunar af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Niðurstöður lágu fyrir í desember 2019 og febrúar 2020.

Meginmarkmið athugunarinnar var að kanna útfærslur bankanna á rafrænu greiðslumati með hliðsjón af 17., 54. og 78. gr. g laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Athugunin var tvískipt. Annars vegar úttekt á kerfis- og líkanaáhættu, með áherslu á rekstraröryggi og gæði, og hins vegar úttekt á háttsemisáhættu, með áherslu á breytingastjórnun vegna þróunar og viðhalds á útfærslum.

Til að fá yfirsýn yfir útfærslu bankanna á rafrænu greiðslumati aflaði Fjármálaeftirlitið upplýsinga og gagna með skoðun á upplýsingakerfum bankanna og þjónustuaðilum þeirra, áhættumati tengdu úfærslunum, söfnun og meðhöndlun gagna um viðskiptavini, ferlum og verklagsreglum, smíði og viðhaldi greiðslumatslíkana, gæðaeftirliti með líkönum, samningum við birgja, rekstri kerfanna síðastliðna 12 mánuði sem og niðurstöðum úr rafrænu greiðslumati.

Að teknu tilliti til fyrirliggjandi upplýsinga og gagna sem aflað var við athugunina taldi Fjármálaeftirlitið ekki tilefni til að gera athugasemdir við rekstur rafræns greiðslumats hjá Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf. Fjármálaeftirlitið taldi ástæðu til þess að koma á framfæri athugasemdum og viðeigandi úrbótakröfum gagnvart Arion banka hf. vegna þess að verklag var ekki í öllum tilvikum skjalfest og vegna þess að samningur tengdur rekstri rafræns greiðslumats við þjónustuaðila var ekki flokkaður sem útvistunarsamningur.